

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)
Klafastaðavegi 4
301Akranes

Reykjavík, 5. mars 2021
UST202003-037/H.E.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 8.12.2020, hjá Al Álvinnslu ehf.

Þann 8.12.2020 fór fram eftirlit í verksmiðju Als Álvinnslu ehf á Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur að úrbótum varðandi eldri frávik.

Eitt nýtt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Skv. starfsleyfi skal mæla díoxín og fúran árlega í síuryki. Síðustu mælingar voru framkvæmdar 18. desember 2019.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26.3.2021.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Steinunn Karlsdóttir